

Mál nr. 117/2016
M og
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar sjómanna.

Sjómaður meiddist þegar hann var að toga í gils 11.11.2014

Gögn.

1. Málskot móttakið 13.4.2016 ásamt fylgiskjali
2. Bréf V dags. 14.4.2016 ásamt fylgiskjöllum 1-4

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir lýsingu frá 11.11.2014 úr skipsdagbók sem segir að M hafi tilkynnt að hann hafi meitt sig þegar hann var að toga fast í gilsinn og eitthvað hafi hrokkið til í síðu hans. M krefst bóta úr slysátryggingu sjómanna hjá V og telur að meiðsli sín hafi orðið með þeim hætti að það heyri undir slysátryggingu sjómanna. V hafnar bótaskyldu og segir að M hafi ekki orðið fyrir slysi skv. skilmálum slysátryggingar sjómanna og vísar til greinar 1.3. í vátryggingarskilmálum þar sem segir m.a. að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum vátryggðs og gerist án vilja hans. V telur að meiðsli M stafi ekki frá slysi og því sé ekki um bótaskyldu að ræða.

Álit.

Gögn málsins eru afar takmörkuð og ekki á öðru að byggja hvað varðar meiðsli M en því sem fram kemur í skipsdagbók og rakið er hér að framan. Samkvæmt því sem fyrir liggur í málinu þá verður ekki annað séð, en að meiðsli M stafi af því að hann togaði fast í gilsinn í umrætt sinn og eitthvað gaf sig í líkama hans eða eins og það er orðað í skipsdagbókinni, „eitthvað hafi hrokkið til í síðu hans“. Ekki verður því annað séð en meiðsli M verði rakið til einhvers sem gerist í líkama hans sjálfs en verði ekki rakið til utanaðkomandi atviks. M á því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu sjómanna hjá V

Reykjavík 14.6.2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur Lúther Einarsson hrl.

Jón Magnússon hrl.